

Ég er einn af mörgum sem neyddist til að flytja út fyrir höfuðborgarsvæðið vegna ástandsins á húsnæðismarkaði þar í kjölfar skilnaðar 2017. Erfitt hefur reynst að finna vinnu við hæfi á suðurnesjum tengda menntunar minnar og neyðist ég því til að vinna á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi kostnaði.

Er ég nú þegar að í tveimur vinnum sem ná þónokkuð yfir 100% starfshlutfall bara til þess að ná að klóra í bakkann fjárhagslega, verandi einstæður faðir. Ég er það lukkulegur að eiga foreldra sem hafa mikla, ekki ótæmandi, þolinmæði til að passa strákana mína þau kvöld og þær helgar sem ég þarf að vinna umfram venjulega dagvinnu. 16 klst vinnudagar með um 40 mínútna akstri aðra leið fyrir og eftir vinnudag er reglubundið. Ekki þó daglegt en oftar en ég kæri mig um.

Ef áform um veggjöld ná fram að færa verður kostnaður við það eitt að komast til vinnu of hár. Nú þegar hefur ófyrirséður kostnaður (t.d. lækni, óvænt fatakaup, viðhald á bíl eða íbúð) mikil áhrif á það litla sem ég hef á milli handanna og kvíði ég fyrir þeim atvikum.

Þess má geta að ég keypti ódýrt á ódýrum stað á suðurnesjum, og lifi ódýrt. Þefa uppi útsölur og tilboð og fæ mikið af nauðsynjum (föt og húsgögn) gefins af Facebook. Stoppa í sokka, tek slátur með mömmu, kann fjöldamargar leiðir til að elda hrísgrjón og/eða kartöflur. Þvæ einnota plastpoka til að nýta aftur. Ekki af því ég er nískur eða naskur, fjárhagurinn leifir ekki annað.

Þar að auki eru þetta hrein og klár svik við kjósendur Sigurðar Inga sem halaði inn verulegum fjölda atkvæða með andstöðu sinni gegn veggjöldum sem hann talar nú fyrir. Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Ég hreinlega hef ekki efni á öðru. Undirritað: Sigmundur S. Guðlaugsson